

Þeir vefir sem til eru á íslensku sem tengjast kennslu barna með íslensku sem annað mál eru m.a.

<http://reykjavik.is/skilabod-fra-skola-Oolann>.

1. <http://tungumalatorg.is/> er sá stærsti en þar er að finna ógrynni upplýsinga um leiðir í kennslu tvítyngdra barna. Þar eru jafnframt ýmsar upplýsingar til kennara sem kenna erlend tungumál og upplýsingar um ráðstefnur og námskeið í kennslu tungumála.

Til hægri á forsiðu eru krækjur og nýjasti vefurinn er „**velkomin**“ er frábært tæki sem nýst getur starfsfólki skóla, nemendum og foreldrum barna sem eru að byrja skólagöngu sína á Íslandi. Vefurinn virkar sem þýðingarforrit og getur nýst sem nokkurs konar túlkabjónusta þegar nemendur koma með foreldrum sínum í skólann í til innritunar og margt fleira til að auðvelda samskiptin til að byrja með. Einnig er hægt t.d að skoða tvö tungumál samtímis.

Gott kynningarmyndband fylgir vefnum.

*„Velkomin – úrræði fyrir móttöku og samskipti er samskiptatæki til að auðvelda skólum móttöku, aðlögun og samskipti við nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldra þeirra.“*

Velkomin hefur 13 mismunandi málaflokka og honum fylgja leiðbeingar um hvernig hægt að nýta hann. Efnið er aðgengilegt í margvíslegum snjalltækjum.

Á **tungumálatorgi** er til hægri á síðunni er linkur inn á “**íslenska annað mál**” þar á forsiðu er aðgangur að ýmsum vefum t.d **kötluvefurinn**. Þessi vefur var áður sjálfstæður vefur en hefur nú verið sameinaður tungumálatorgi. Hér að finna fjölbreyttar leiðir í kennslu íslensku bæði fyrir yngri og eldri nemendur. Fyrir þá sem eru að feta sín fyrstu spor í tungumálinu og þá sem eru lengra komnir. Þar er hægt að nálgast margskonar kennslugögn bæði til útprentunar og gagnvirka vefi.

Undir krækjunni **fjölmening** er kynningarmynd um fjölbreytta vefi fyrir nemendur og foreldra á ýmsum tungumálum.

Það er mikilvægt að muna að börn af erlendum uppruna búa yfir margskonar bakgrunn og reynslu og mikilvægt að við höfum það í huga þegar við vinnum með þeim. Við þurfum að bera virðingu fyrir þeirra tungumáli og menningu. Það getur verið ákaflega mikilvægt fyrir þau að kynna fyrir okkur ýmislegt á sínu móðurmáli og hér eru frábærir vefir sem gefa þeim tækifæri til þess og einnig fyrir foreldra sem vilja vinna með móðurmál barnanna.

Vefirnir sem fjallað er um í kynningunni:

[sites.kids.net.au](http://sites.kids.net.au) (orðavefur á 35 tungumálun)

[fjolmenningarvefurbarna.net](http://fjolmenningarvefurbarna.net)

[logoslibrary.eu](http://logoslibrary.eu) (sögur á ungversku)

[obugerobwabato.mypodcast.com](http://obugerobwabato.mypodcast.com) (vefur frá Uganda)

[hello-world.com](http://hello-world.com) (vítamískur vefur)

[dzieci.wp.pl](http://dzieci.wp.pl) (pólskur vefur)

[paxel123.com](http://paxel123.com) íslensk vefsíða á 7 tungumálum

Mér finnst “[fjolmenningarvefurbarna.net](http://fjolmenningarvefurbarna.net)” spennandi hann býður uppá möguleika sem snúa að bakgrunni nemenda. Þar geta nemendur útbúið eigin síður um heimaland sitt.

Önnur krækja er **Viltu læra íslensku** þar eru aðgengilegir 21 sjónvarpsþættir sem fjalla m.a. um daglegt líf á Íslandi. Nýtist þó meira fullorðnum.

2. <http://www.nams.is/> námsgagnastofnum

Undir krækjunni íslenska annað mál er finna upplýsingar um allt það námsefni sem til er sem getur hentað í kennslu tvítýngdra nemenda bæði námsbækur, rafbækur, hljóðbækur, spil og vefir.

3. <http://www.akmennt.is/erlendir/> vefinn er að finna á heimasíðu skóladeildar Akureyrar. Þar er að finna margvíslegar upplýsingar um kennslu tvítýngdra barna. Þar eru tilvísanir í ýmsa vefi, kennsluhugmyndabanki og margt fl..

4. <http://www.heidarskoli.is/nemendur-og-nam/islenska---nyja-malid-mitt>

Er að finna krækjuna íslenska nýja málið mitt sem vísar í ýmis forrit sem henta vel. Hér vísað í bæði það sem nefnt hefur verið hér á undan og fleiri forrit og þýðingavélar.

5. <http://skolinn.olfus.is/nybuavefur/> Fjölmenningarvefur grunnskólans í Þorlákshöfn. Þar kennir margra grasa.

6. <http://alfaheidi.kopavogur.is/deildir/lundur/> Þar er fjölmenningarvefur sem nýst getur kennurum og fleirum.

7. <http://www.mcc.is/fjolmenningarsetur/> Þar að finna mikilvægar upplýsingar fyrir nýbúa hér getur fólk sem flytur til landsins fengið helstu upplýsinga á mörgum tungumálum. Þar eru líka upplýsingar um nám í íslensku og vísað í ýmsa vefi.

8. **Google vefirnir** bjóða uppá margskonar möguleika t.d google translate þýðingavélin þar er jafnframt hægt að hlusta á framburð. Google earth þar sem hægt er að leika sér með t.d að finna heimkynni nemenda og skoða landsvæði getur verið uppspretta skemmtilegra hugmynda að verkefnum.
9. **Pinterest:** Hér er hægt að finna margar skemmtilegar kennsluhugmyndir. Samspil 2015 á þar sérstakt borð með ógrynni hugmynda fyrir UT kennslu. Svo er líka hægt að leita undir language þar er ýmislegt.

### **Fleiri forrit og öpp sem geta komið að gagni:**

Inn á heimasíðunni <http://www.appland.is/> eru smáforrit fyrir spjaldtölvur flokkuð eftir skólastigum.



**Book creator** er hugsanlega eitt vinsælast forritið frá apple sem hægt er að nýta á ýmsa vegu í kennslu og er frábært tæki til að nýta í tungumálakennslu hefur m.a. verið nýtt með góðum árangri í dönskukennslu í Kelduskóla.

Book creator var kosið besta kennsluforritið á BETT ráðstefnunni 2015. Það er hægt að nota í borðtölvum og fartölvum.

Hægt er að deila bókinni í tölvupósti þannig er hægt að senda fjölskyldu og vinum bókina.

**Bidsboard** er hugsað til að efla málörvun og til að nýta í tungumálakennslu.

**Talk´n photos** er smáforrit til að búa til myndasögur með hljóðum. Talandi myndarsaga. Getur hentað vel fyrir yngri nemendur.

**Puppet pals** er smáforrit þar sem hægt er að búa til leiksýningu þannig að úr verði hreyfimynd. Hér er t.d hægt að þjálfra sögugerð og framsögn. Ég veit til þess að þetta forrit hefur einmitt verið nýtt með nemendum til að þjálfra íslensku. Hægt er skoða á youtube skemmtilegt verkefni sem börnin á leikskólanum Álfheiði í Kópavogi hafa búið til. Hér linkurinn inn á það <https://www.youtube.com/watch?v=9p9-iHGWBI8> .

**Kid in story:** Skemmtileg leið til að útbúa eigin sögubók hægt að setja eigin myndir á síðurnar og lesa inn á þeir. Þetta getur veið bókina um barnið. Svo er hægt að deila bókinni með öðrum í tölvupósti eða á Dropbox.

**Show me:** Þetta er forrit þar sem kennarar geta sett inn upptökur með kennsluleiðbeiningarum og ýmislegt efni og notað myndir. Þetta er andá Khan Academy. Hér væri t.d hægt að setja inn orðalista eða einhvers konar efni sem er verið að vinna með og þarfnast þess að nemendur þjálfji.

**Klukkan:** forrit til að æfa klukkuna. Hægt að hlusta og stilla síðan vísanna eftir fyrirmælum. Góð þjálfun.

**Vorce translator:** Þýðingarforrit á tungumálum því miður er íslenska ekki þarna inni en getur ábyggilega nýst.

**Mind meister** er forrit til að búa til hugarkort sem er frábært tæki til að vinna með nemendum. Hugakort má útfæra á ótal vegu. Fer allt eftir hvers konar verkefni er verið að vinna. Mætti hugsa sér að nemendur kynni sig sjálf með hugakorti. T.d Nafn, áhugamál, heimaland, tungumál og annað sem þau hafa áhuga á að segja frá. Önnur hugmynd er að nýta það til vinna með orð og hugtök.

**Lærum og leikum með hljóðin** forrit sem þjálfar íslensku máhljóðin frábært fyrir þá sem eru að feta fyrstu sporin í íslenskunáminu og lestri.



Hefur verið þýtt á ensku og heitir Kid Sound Lab og hefur verið valið eitt af sjö bestu smáforritum í menntun til úrslita á á alþjóðlegu BETT ráðstefnunni nú í janúar.

**Popplet:** <http://popplet.com/> er forrit frá apple til að vinna með hugarkort

### **iBooks**

Með þessu forriti hægt að hlaða inn bækur af netinu jafnt sögubækur og kennslubækurog einnig er hægt að skoða bækurnar.

### **Imovie: Forrit til að búa til myndbönd**

**Kahoot** <https://getkahoot.com/> er skemmtilegt forrit til að búa til spurningaleik. Kennari skráir sig inn og býr til spurningar. Þá kemur upp lykilorð og nemendur skrá sig inn á kahoot með lykilorðinu til að taka þátt. Þetta eru spurningar sem kennarinn eða nemendur setja inn og allir svara á sama tíma. Valmöguleikar til að svara eru fjórir og þurfa nemendur að velja rétta svárið á ákveðnum tíma. Þetta er auðveldlega hægt að gera með nokkar spjaldtölvur. Þetta getur verið keppni milli hópa.

**<http://www.classtools.net/connect/>** Þessi vefsíða býður upp á ýmis skemmtileg forrit fyrir nemendur m.a **Connect four:** Hér þarf að finna 4 samstæður. Ég hef prófað þetta með nemendum með góðum árangri og hægt að útfæra á ýmsa vegu. Hér er auðvelt að búa til skemmtilegan leik þar sem tengd eru saman orð sem eiga eitthvað sameiginlegt. T.d persónur úr sögunni sem er verið að lesa eða orð sem hafa sömu merkingu. orðmyndir og sv.frv. Mjög einfalt að útbúa nýja leiki.

**Myndmál: [www.myndmal.is](http://www.myndmal.is).** Þetta er vefur sem nýst getur vel fyrir nemendur sem eru að læra nýtt tungumál. Þetta er myndrænt orðasafn með hjóðum og texta. Hefur að geyma um 1200 myndir.

**KEY WE** Hér er nýtt forrit sem Ólafur Stefánsson og mágur hans eru að gefa út.



Verið að tilrauna kenna forritið í m.a. í Hjallaskóla í Kópavogi, Heiðarskóla í Hvalfirði og Grundarskóla á Akranesi. Fleiri skólar eru að bætast við. Aðferðafræðin á bak KeyWe byggist á kenningum um sjón og tengsl við minni, sköpun og þátttöku nemenda. Í KeyWe búa nemendur og kennarar til sín eigin skólaverkefni og glósur á skemmtilegan hátt og KeyWe breytir efninu í tölvuleiki. Þetta forrit verður kynnt á menntabúðum fyrir norðan í nú janúar. Það verður spennandi að sjá hvernig hægt er að nota þetta forrit í kennslu.